

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla Víðimóum 3, Húsavík



Dags eftirlits	5.12.2013	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Víðimóum 3	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	7110012470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.22.0, 38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574850,759 614909,661

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin brennsla fer lengur fram í brennslustöðinni, en tekið er á móti úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum til flokkunar og meðhöndlunar. Umgengni í móttökustöð var góð.

Frávik frá fyrri skýrslu er varðar meðhöndlun botn og flugösku frá brennslu úrgangs er enn staðfest. Niðurstaða er að skýrast varðandi flugösku en útkljá þarf mál með meðhöndlun botnösku og hefur rekstraraðili óskað eftir fundi með Umhverfisstofnun um það mál. Rekstraraðili hefur frest til 1. febrúar n.k. til að skila áætlun um úrbætur vegna meðhöndlunar botnösku.

Athugasemdir er gerðar vegna flugösku og vegna mælinga sem gerðar voru áður en brennslu úrgangs var hætt.

UMFANG EFTIRLITS

Haldin var fundur með rekstraraðila og farið yfir stöðu brennslumála. Rætt var um mælingar sem gerðar voru áður en brennslustöðin hætti og farið yfir niðurstöður þeirra. Rætt um símælingar og skil á þeim. Þá var rætt um meðhöndlun botnösku og flugösku frá stöðinni. Einnig var farið yfir meðhöndlun sláturúrgangs á svæðinu. Þá var rætt um niðurstöður síðasta eftirlits.

Að síðustu var gengið um flokkunarsvæðið og það skoðað og rætt um meðhöndlun m.a. spilliefna, raftækjaúrgangs og sláturúrgangs.

Frávik frá

Ákvæði 2.2 í starfsleyfi en skv. því skal, ef þarf, formeðhöndla og síðan endurnýta ellegar urða ösku og þess háttar úrgang frá stöðinni

Lýsing á fráviki

Botn og flugaska er ekki meðhöndluð á viðeigandi hátt. Flugaska er geymd í geymsluskemmu brennslustöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að hún verði flutt út til Noregs til urðunar í samvinnu við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Botnaska var urðuð í Laugardal en skv. útskolunarprófum er hún ekki tæk á óvirkum urðunarstað. Sorpsamlag Þingeyinga hefur frest til 1. febrúar n.k. til að senda áætlun um úrbætur vegna botnösku.

ATHUGASEMDIR

Útlit er fyrir að flugaska sem hefur safnast upp í stöðinni fari í farveg með flugösku frá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Áætlað er að um 120 tonn sé að ræða. Umhverfisstofnun óskar eftir skriflegri staðfestingu á slíkri áætlun fyrir 1. febrúar nk. Einnig að samráð verði haft við stofnunina og Heilbrigðiseftirlit þegar kemur að flutningi öskunnar til Keflavíkur.

Niðurstöður símælinga á seinni hluta árs 2012 voru ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar 739/2003 um brennslu úrgangs en þar sem brennslu hefur verið hætt er þetta atriði ekki skráð sem frávik heldur athugasemd.

Niðurstöður síðustu reglubundnu mælinga sem gerðar voru í brennslustöðinni sýndu að styrkur ryks, SO₂ og díoxíns voru yfir mörkum í starfsleyfi. Þar sem brennslu hefur verið hætt er þetta atriði ekki skráð sem frávik heldur sem athugasemd.

Þá hafa símælingar fyrir árið 2013 í brennslustöðinni ekki enn borist. Rekstraraðili upplýsti um að hugsanlega væru þessar upplýsingar tapaðar þar sem tölva sem geymdi þær hefði bilað. Óskar Umhverfisstofnun eftir nánari upplýsingum um þetta atriði með skriflegum hætti fyrir 1. febrúar n.k.

ANNAÐ

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framtíð brennslustöðvarinnar. Flokkun úrgangs fer fram í stöðinni. Tekið er á móti heimilisúrgangi, honum safnað saman og fluttur til urðunar í Stekkjarvík. Þá er tekið á

móti spilliefnum, ýmsum flokkuðum úrgangi s.s. plasti, pappa og timbri bæði frá heimilum og rekstrarðilum sem og sláturúrgangi sem er einnig fluttur til urðunar í Stekkjarvík. Verið er að skoða möguleika á flokkun úrgangs frá heimilium í sveitarfélaginu.

Reykjavík, 19.12.2013



Sigríður Kristjánsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.